

Stjórnarfundur Álfavina haldinn 27.okt.2021 í leikskólanum.

Fundur settur klukkan 16.30

Á fundinn eru mættar Hugrún, Sigurbjörg, Sunna, Eva, Lilja og Brynhildur. Sandra og Erla komust ekki. Lilja ritar fundargerð.

1. Skipting í foreldraráð og foreldrafélag og verkaskipting.  
Í stjórninni eru 7 manns og er ákveðið að hafa 3 í foreldraráði og 4 í foreldrafélagi.  
Í foreldraráði verða Eva, Sigurbjörg og Sunna og í foreldrafélagi verða Lilja, Brynhildur, Sandra og Erla.  
Sigurbjörg verður áfram gjaldkeri, Brynhildur er kjörin formaður og Lilja ritari.
2. Fundaráætlun vetrarins. Ákveðið var að stefna að því að halda næsta fund um mánaðarmót nóv/des og svo tvisvar eftir áramót; í febrúar og apríl.
3. Starfsáætlun. Starfsáætlun var samþykkt án athugasemda. Umræða varð um sumarfríslokun leikskólans og hvort að það gætu verið meiri sveiflur á því hvenær það er, en undanfarin ár hefur það yfirleitt verið júlí lokun með litlum tilfærslum.
4. Jólagjöf. Gjöfin má kosta um 1000 kr. á barn í ár. Ákveðið að stjórnarmeðlimir hafi augun opin fyrir hentugri gjöf.
5. Jólaball. Ákveðið að halda það sunnudagsmorguninn 12.des kl.10-11 í salnum í leikskólanum.
6. Dagskrá eftir áramót. Umræða um hvernig eigi að nýta fjármagnið eftir áramót, hvort taka eigi upp danskennslu aftur í boði foreldrafélagsins eins og var fyrir nokkrum árum eða fá leiksýningu. Ákveðið að salta málið fram að næsta fundi.

Fundi slitið kl. 17.40